



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101 Fax 13107

175. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja

21. nóvember 1992.

Mættir: Sigríður Jóhannesdóttir, formaður, Guðbjörg Ingimundardóttir, Ingvar Eyfjörð Jónsson, Jón Sæmundsson, Kristbjörn Albertsson, Þorvaldur Sigurðsson, Hjálmar Árnason, skólameistari og áhræynnarfulltrúarnir Bogi Hallgrímsson úr Grindavík og Jón Ingi Baldvinsson úr Vatnsleysustrandarhreppi. Aðrir áhræynnarfulltrúar eru Ingimundur Þ. Jónsson úr Gerðahreppi og Ólafur Hilmarsson úr Hafnahreppi.

Dagskrá:

1. Fjárlög '93.
2. Viðbygging.
3. Lok H'92.
4. Skólasamningur.
5. Netagerð.
6. Innritunargjöld.
7. Önnur mál.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna, sérstaklega áhræynnarfulltrúana sem mæta í fyrsta sinn. Síðan var gengið til dagskrár.

1. Fjárlög '93.

Frumvarp til fjárlaga fyrir 1993 liggur nú fyrir og voru tillögur um fé til skólans kynntar. Sú breyting hefur orðið á að gildistala skólans hefur hækkað úr 1.76 í 2, en þetta er gamalt baráttumál skólanefndar (sbr. fundargerðir). Vegna atvinnuástands á Suðurnesjum var ákveðið að stofna námsstyrkjasjóð við skólann fyrir þá nemendur sem verst eru staddir og kynna fyrir sveitarstjórnnum. Ákveðið að auglýsa sjóðinn um leið og sendir verða út gíróseðlar fyrir innritunargjaldi til nemenda. Kristbjörn, Ingvar og Jón valdir í nefnd til að koma með tillögur um reglur sjóðsins fyrir næsta skólanefndarfund.

2. Viðbygging.

Nú er verið að "taka út" viðbygginguna. Borist hafa athugasemdir frá Vinnueftirliti ríkisins sem verið er að vinna í. Salur skólans nýtist mjög vel og hefur styrkt félagslíf nemenda í skólanum.

3. Lok H'92.

Síðasti kennsludagur annarinnar verður mánudaginn 2. desember. Dimmission verður haldin n.k. föstudag. Umsjónarkerfið nýja hefur reynst mjög vel og vali nemenda er nú lokið. Skólaslit verða á sal skólans sunnudaginn 20. desember kl. 14 og eru nefndarmenn boðnir velkomnir á athöfnina. Stefnt er að því að halda áfram að vera með skólaslit til skiptis í byggðalögunum, þar sem því verður við komið, að vori.

4. Skólasamningur.

Skólanefnd beinir þeim tilmælum til ráðherra að gerð verði tilraun með skólasamning í FS líkt og gert hefur verið í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ.

5. Netagerð.

Sérgreinar netagerðar verða framvegis kenndar annað hvert ár skv. ákvörðun ráðuneytis, en eins og kunnugt er sér FS um þá kennslu á landsvísu. Kennsla verður á næstu önn og eru 15 nemendur skráðir á brautina.

6. Innritunargjöld.

Skólanefnd samþykkir að innritunargjöld fyrir næstu önn verði kr. 5.100. Þau hækka um kr. 100 frá síðustu önn að ósk stjórnar NFS vegna kostnaðar við aðild að Iðnnemasambandi Íslands sem stjórnin telur réttlátt að dreifist á alla nemendur skólans því þetta er hluti af félagslífi nemenda. Guðbjörg óskar sérstaklega eftir því að skýringar fylgi gíróseðlinum um ástæður hækkunarinnar. Einnig samþykkir skólanefnd að innritunargjöldin séu óafturkræf. NFS mun setja upp skiptibókamarkað á prófsýnidag til að létta nemendum útgjöld vegna bókakaupa.

7. Önnur mál.

- a) Ingvar gerir grein fyrir stöðu fjármála hjá NFS og áætlanir um starfsdaga.
 - b) Skólanefnd hefur borist þakkir frá Helgu Óskarsdóttur fyrir gjöf í tilefni fimmtugsafmælis hennar.
 - c) Helga Óskarsdóttir hefur gefið skólanum myndaalbúm þar sem byggingasaga viðbyggingarinnar er rakin í myndum.
 - d) Landsbanki Ísland hefur fært skólanum að gjöf 10 manntöfl og skákklukkur ásamt fjárhæð að upphæð kr. 250.000 til bókasafnsins til bókakaupa að eigin vali.
 - e) Lífeyrissjóðir Suðurnesja hefur fært skólanum að gjöf þrjú myndbönd.
 - f) Samband lífeyrissjóða hefur einnig gefið skólanum myndband.
- Skólanefnd felur skólameistara að þakka þessar gjafir bréflega.

Á næsta fundi verður m.a. tekið fyrir skoðanakönnun nemendafélagsins og þróunarstarf starfstengds náms sem unnið hefur verið að með Atvinnuþróunarfélagi Suðurnesja.

Fleira ekki gert og fundi slitið


Sigríður Jóhannesdóttir,
formaður.


Hulda Björk Þorkelsdóttir,
fundarritari.



Skólameistari
Hjálmar Árnason
Fjölbrautaskóla Suðurnesja
Sunnubraut 36
230 Keflavík.

Reykjavík, 27. nóvember 1992.

Með vísun til bréfs yðar dags. 25. nóvember 1992 þar sem óskað er heimildar til "að taka upp skólasamning við Fjölbrautaskóla Suðurnesja" vill ráðuneytið taka fram eftirfarandi:

Með tilrauninni um svokallaðan skólasamning við Fjölbrautaskólann í Garðabæ er leitað leiða til þess að bæta skólastarf og um leið að bæta kjör kennara. Er þess að vænta að tilraunin leiði í ljós bæði kosti og galla á þeirri starfstílhögun sem skólinn stefnir að og að niðurstöðurnar geti vísað veginn til varanlegra umbóta í starfi skóla. Ráðuneytið telur að tilraunin hafi ekki staðið nægilega lengi til þess að unnt sé að segja til um endanlegar niðurstöður og því ekki tímabært að taka upp það fyrirkomlag sem reynt er við Fjölbrautaskólann í Garðabæ við fleiri skóla.

Einnig tekur ráðuneytið fram að ekki hefur verið gert ráð fyrir því við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1993 að tilraunastarf af því tagi sem hér um ræðir verði tekið upp við fleiri skóla á næsta ári.

Ráðuneytið metur þann áhuga sem þér og starfsmenn skóla yðar hafa sýnt þessu máli og bendir yður á að undirbúa málið frekar í tengslum við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1994.

Hjálmar Árnason
Sámin Jensen